



Reykjavík 6. maí 2024

Stefán Vagn Stefánsson
formaður, f.h. fjárlaganefndar

Ljósíð - Umsögn um þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, 1.035 mál.

Ljósíð óskar virðingarfyllst eftir því að bætt verði við fjármagni í fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, að fjárveitingar til Ljóssins verði 700 milljónir fyrir árið 2025 og hækki svo síðari ár áætlunarinnar m.v. forsendur áætlunarinnar.

Greinargerð:

Ljósíð endurhæfingarmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda hefur starfað frá árinu 2005. Allt frá upphafi höfum við lagt mikinn metnað í þjónustuna og sýna allar þjónustumælingar að um vandaða, faglega þjónustu sé að ræða sem bæti lífsgæði og komi fólki fyrr út í samfélagið á ný og þar með leiði til betri lífsæða og umtalsverðs sparnaðar fyrir þjóðarbúið. Árið 2023 komu 1.650 einstaklingar í þjónustu í Ljósíð. Frá stofnun hafa yfir 13.000 einstaklingar nýtt sér endurhæfinguna. Aldursbil þeirra sem greinast og fá þjónustu er 16 ára og eldri.

Fjölgun krabbameinsgreininga hefur bein áhrif á aðsókn í Ljósíð. Það er gríðarlegt högg fyrir alla að greinast með lífsógnandi sjúkdóm og því er mikilvægt að fá fólk strax í þjónustu, í raun strax við greiningu. Rannsóknir hafa sýnt fram á að snemmbúið inngrip hafi jákvæð áhrif á bæði líðan og bata krabbameinsgreindra og eykur líkur á að komist aftur til starfs, náms eða í aðra virkni í samfélaginu. Við höfum lagt okkur fram um að hafa þjónustuna hagkvæma en að sama skapi unnið eftir gagnreyndum aðferðum og góðum vinnuferlum í endurhæfingunni.

Í ljósinu starfar þverfaglegur hópur sérfræðinga á sviði endurhæfingar og má þar nefna; iðjuþjálfara, sjúkráþjálfara, íþróttufræðinga, sálfræðinga, markþjálfara, næringarfræðinga, kynfræðinga og fl. Ljósíð sinnir faglegri sálfélagslegri og líkamlegri endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda, með aðferðum sem sannreyndar eru í fjölda rannsókna. Árangur slíkrar endurhæfingar lágmarkar afleiðingar krabbameinsmeðferða og flýtir fyrir því að koma fólki aftur í fyrri hlutverk út í samfélaginu.

Endurhæfing í ljósinu er sniðin að þörfum hvers og eins. Megin markmið endurhæfingar er að stuðla að bættri andlegri og líkamlegri líðan, efla félagslega virkni, draga úr einangrun og viðhalda lífsgæðum þrátt fyrir veikindi. Engin önnur stofnun eða endurhæfingastöð á Íslandi gæti í dag tekið við því starfi sem Ljósíð er að sinna og því má velta fyrir sér hvert skjólstæðingar Ljóssins eiga að leita ef Ljósíð getur ekki lengur sinnt sínu hlutverki vegna fjárskorts.

Árið 2020 komst Ljósíð á fjárlög í fyrsta skipti með kr. 220 m.kr. framlagi á ári og erum við afskaplega þakklát fyrir það. Samningurinn var til fjögurra ára og hækkaði árlega skv. vísitölu. Strax í lok árs 2021 þótti ljóst að það fjármagn myndi ekki duga til að halda úti þjónustunni vegna fjölgun þjónustuþega Ljóssins.

Við höfum átt ótalmörg samskipti bréfléiðis og á fundum sl. tvö ár bæði við heilbrigðisráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) til að vekja athygli á stöðunni og sent allar þær upplýsingar sem beðið hefur verið um. Samningur Ljóssins rann út sl. áramót og fékkst framlenging um 6 mánuði á meðan

unnið er að samningsgerð. Samningaviðræður hafa reynst erfiðar og þrátt fyrir að Ljósinu sé sýndur stuðningur í orði, hefur lítið þokast í viðræðum.

Er vilji fyrir því að Ljósið haldi áfram að sinna endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda?

Við vitum að markviss og fagleg endurhæfing krabbameinsgreindra skilar þjóðarbúinu fljótt til baka í formi þess að fólk býr við aukin lífsgæði þrátt fyrir alvarleg veikindi og skilar fólki fyrr út á vinnumarkað eða í aðra virkni. Því fyrr sem við í Ljósinu grípum þá sem greinast með krabbamein því betur höldum við þeim á floti og leyfum þeim síður að ná sínum verstu stöðum. Ef þjónustu Ljóssins nyti ekki við er líklegt að stór hluti þess fólks fari mun seinna aftur á vinnumarkað vegna félagslegrar einangrunar og andlegs og líkamlegs orkuleysis. Það er því samfélaginu mikill akkur í því að tryggja að þeir sem greinist með krabbamein geti treyst á Ljósið í sinni vegferð að ná heilsu og verða ekki hluti af þeim hópi sem ekki kemst aftur inn á vinnumarkað. Jafnframt verður sá hópur dýr fyrir samfélagið, m.a. vegna örorku og annarra vandamála og enda oft í öðrum dýrum úrræðum heilbrigðiskerfisins.

Miðað við núverandi stöðu fær Ljósið 318 m.kr. á yfirstandandi ári til að sinna þeim 1.600 manns sem munu sækja þjónustu í Ljósið á árinu. Í þessari upphæð eru 40 m.kr. sem fjárlaganefndin kom með rétt fyrir sl. áramót og þökkum við innilega fyrir það. Ef við berum okkur saman við aðrar endurhæfingarstofnanir af sömu stærðargráðu með sömu markmið í endurhæfingu þá fá þær u.þ.b. 1.200–2.500 m.kr. Við höfum beðið um 700 m.kr. á ári og þykir okkur það hóflegt miðað við fjölda þjónustuþega og þeirra verka sem unnin eru.

Rekstur Ljóssins hefur alla tíð verið mjög hagkvæmur og má segja að um einstaklega hagkvæmt rekstrarform sé að ræða. Samtvinnuð er einstaklingsmiðuð nálgun með viðtölum við fagaðila og hagkvæmt endurhæfingaform sem að megninu til er byggt upp á hópameðferðum og hópafraeðslu. Með þessu formi hefur Ljósinu tekist að sinna miklum fjölda einstaklinga með lágmarks mönnun. Með mikilli aukningu krabbameinsgreininga sem ekki sér fyrir endann á hefur aðsókn í Ljósið náð nýjum hæðum og er nú svo komið að stækka þarf húsnæði Ljóssins til muna og bæta við starfsfólki svo unnt sé að halda uppi því flotta og faglega starfi sem byggt hefur verið upp. Ljóst er orðið að það rekstarform sem byggt hefur verið á gengur ekki lengur upp og að án verulegrar aukningar á fjármagni frá ríkinu getur Ljósið ekki sinnt sínu hlutverki lengur á sama hátt og verið hefur síðastliðin ár. Eins er ljóst að vandinn mun ekki hverfa, krabbameinsgreindum mun fjölga um 50% til ársins 2040 og einhver þarf að taka við þessum hóp til endurhæfingar, ef ekki Ljósið þá mun þunginn lenda annars staðar í heilbrigðiskerfinu og nánast óhætt að fullyrða að það úrræði yrði mun dýrara fyrir samfélagið heldur en kostnaður vegna endurhæfingar í Ljósinu.

Árið 2025 verður Ljósið 20 ára. Það er okkar vilji að halda áfram að veita nauðsynlega þjónustu í Ljósinu en sjáum því miður ekki fram á það verði hægt með það fjármagn sem okkur er úthlutað. Við óskum hér með eftir áheyrn og stuðning fjárlaganefndar til að tryggja að þjónusta Ljóssins verði til staðar fyrir krabbameinsgreinda. Ljósið þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um fjármálaáætluninna og óskar vinsamlegast eftir tækifæri til að koma til fundar við fjárlaganefnd til að ræða umsögnina.

Með vinsemd og virðingu
Erna Magnúsdóttir framkvæmdastýra Ljóssins
Brynjólfur G. Eyjólfsson stjórnarformaður Ljóssins